

Lög

Nr. 82.
14. nóvbr.

um

rekstur loftskýptastöðva á Íslandi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landið hefir einkarjett til að setja á stofn og starfrækja stöðvar fyrir þráðlaus firðviðskifti á Íslandi og í íslenskri landhelgi.

2. gr.

Þráðlausar firðviðskiftastöðvar á erlendum skipum og í íslenskri landhelgi má að eins nota samkvæmt þeim ákvæðum, sem ráðuneyti Íslands setur í reglugerð. Ráðuneytið getur bannað öll þráðlaus firðviðskifti innan íslenskrar landhelgi og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt.

3. gr.

Þráðlausar firðviðskiftastöðvar á íslenskum skipum, hvort heldur eru innan eða utan íslenskrar landhelgi, sem ekki eru eign landssjóðs, má að eins setja á stofn og starfrækja að áður fengnu leyfi ráðuneytisins. Sje skilmálum leyfisins um útbúnað og rekstur stöðvanna ekki fullnægt, getur ráðuneytið afturkallað leyfið. Ef óskað er, að stöðvar þær, sem eru starfræktar þegar lög þessi öðlast gildi, fái starfræktar áfram, verður að sækja um leyfi til ráðuneytisins innan átta vikna frá staðfestingu laganna, og ákveður það, hvernig rekstri þeirra skuli hagað.

4. gr.

Innan íslenskrar landhelgi og á Íslandi má að eins að fengnu leyfi ráðuneytisins og með þeim skilyrðum, sem leyfið ákveður, setja upp og nota stöðvar eða annan útbúnað til þráðlausra firðviðskifta.

5. gr.

Ákvæði þau í lögum um ritsíma og talsíma á Íslandi frá 20. október 1905, 15. gr., er snerta þagnarskyldu starfsmanna landssímans og hegningu á brotum á þagnarheiti, gilda einnig fyrir þráðlaus firðviðskifti. Ákvæðin í 16. gr. sömu laga, um samsvarandi reglur fyrir starfsmenn einkafjelaga, gilda einnig um starfsmenn þráðlausra firðviðskifta á skipum.

Nr. 82.

6. gr.

14. nóvbr.

Fyrir brot á 1.—4. gr. þessara laga eða reglugerð þeirri, sem lög þessi heimila ráðuneytinu að setja, skal auk þess, að óleyfilega gerð eða notuð tæki skulu upptæk, og ef afbrotið varðar ekki þyngri hegningu, hegna með sektum eða allt að 6 mánaða fangelsi. Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerð þeirri, er samkvæmt þeim verður sett, skal fara sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 14. nóvember 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.